

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1298**2015/EES/74/67**

frá 28. júlí 2015

**um breytingu á II. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 31. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) 3-bensýlidenkamfóra er sem stendur leyfð til notkunar í snyrtivörur sem útblámasía í styrk allt að 2,0%. Hún er skráð undir tilvísunarnúmeri 19 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.
- 2) Vísindanefndin um öryggi neytenda ⁽²⁾ komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 18. júní 2013 að vegna öryggismarkna sem eru undir 100 sé notkun 3-bensýlidenkamfóru sem útblámasíu í snyrtivörur í styrk allt að 2,0% ekki talin örugg.
- 3) Í því skyni að tryggja öryggi sólvannarvara fyrir heilbrigði manna er nauðsynlegt að fjarlægja 3-bensýlidenkamfóru af skránni yfir útblámasíur, sem eru leyfðar í snyrtivörur, eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.
- 4) Þar eð 3-bensýlidenkamfóra er ekki aðeins þekkt sem útblámasía heldur líka sem útblámagleypir ætti að banna notkun hennar í snyrtivörur.
- 5) Því ætti að breyta II. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 6) Fresta ætti beitingu þeirrar takmörkunar svo iðnaðurinn fái svigrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á efna-samsetningum. Einkum ætti, eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að veita fyrirtækjum 6 mánuði til að koma vörum, sem uppfylla kröfurnar, á markað og til að taka vörur, sem uppfylla ekki kröfurnar, af markaði.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Frá 18. febrúar 2016 skal einungis setja snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, á markað og bjóða þær fram á markaði í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 199, 29.7.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB frá 5. ágúst 2008 um að koma á ráðgjafarkerfi vísindanefnda og sérfræðinga á sviði sem varðar öryggi neytenda, lýðheilsu og umhverfismál og um niðurfellingu á ákvörðun 2004/210/EB (Stjtið. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í II. viðauka bætist eftirfarandi færsla við:

Tilvísunarnúmer	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
„1379	3-bensýlidenkamfóra	15087-24-8	239-139-9“

- 2) Í VI. viðauka falli færslan sem varðar tilvísunarnúmer 19 brott.
-